



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

62. tölublað 7. árgangur janúar 2018 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Gleðilegt nýtt ár!

2018

Takk fyrir 2017

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get
ég hjálpað
þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt
þú breyta?



Hvernig viltu að þér
líði?



Að hverju
stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist
næst?

Hvað er
mikilvægt
fyrir þig?



Ef þú gæti breytt ein-
hverju, hverju myndir
þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag!

Gleðilegt nýtt ár 2018, takk fyrir allt gamalt og gott. Árið leggst vel í okkur í skólanum og við óskum nemendum og foreldrum alls hins besta á nýju ári og væntum góðs samstarfs nú sem fyrr.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Gjaldskrár 2018

Þann 1. janúar hækkar gjaldskrá leikskóla og frístundar um 1%.

Uppfærðar gjaldskrár koma inn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar í janúar. Allar gjaldskrár má finna á [heimasíðu hér](#).

Verð á **ávaxta- og mjólkuráskrift** er óbreytt á vorönn 2018 eða 6000 kr fyrir ávexti og 2800 kr fyrir mjólk. Þeir sem vilja breyta áskrift verða að hafa samband við skólastjóra fyrir 5. janúar, eftir það verða reikningar sendir út samkvæmt gildandi áskrift. haustannar.



Svefn er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna og líðan þeirra. Til þess að börnin séu tilbúin til að taka þátt í daglegu starfi er gott að hafa í huga að áætluð svefnþörf eftir aldri á sólarhring er:

0 – 4 mánaða 16 klukkustundir

4 – 6 mánaða 15 klukkustundir

1 árs 14 klukkustundir

2 – 4 ára 11 -13 klukkustundir

5 – 16 ára 9 – 11 klukkustundir



Eineltisteymi-aðgerðaráætlun

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki eineltisteymis skólans og í því sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúar frá fræðslu- og félagsmálasviði Dalvíkurbyggðar auk viðkomandi umsjónarkennara/hópstjóra þegar fundað er um eineltismál.

Hlutverk teymisins er að sjá til þess í samvinnu við kennara að í skólanum sé virk fræðsla og forvarnir gegn einelti. Að unnin sé aðgerðaráætlun eineltisteymis fyrir hvern vetur þar sem kemur fram hvernig staðið er að fræðslu og nemendum gert ljóst hvaða leiðir eru færar til að vinna gegn einelti og hvernig má láta vita ef grunur er um einelti.

Fái eineltisteymi beiðni um aðstoð vegna eineltismála skal teymið vinna samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Veturinn 2017-2018 fundar teymið sex sinnum, á miðvikudögum kl. 12:30:

13. september, 25. október, 29. nóvember, 24. janúar, 21. mars, 9. maí.- teymið fundar oftár ef þörf krefur.

Á heimasíðu skólans er að finna [aðgerðaráætlun eineltisteymis](#) sem foreldrar eru hvattir til að kynna sér.

Einnig er þar [eineltisáætlun skólans](#).

Umfram allt, látið vita ef grunur vaknar um einelti!

Hagnýtar upplýsingar

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal janúar 2018

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

1 Nýársdagur LOKAÐ Gleðilegt nýtt ár 2018	2 Skipulagsdagur LOKAÐ 	3	4 Stefán Matthías 5 ára 	5 Magnea 11 ára 	6 Prettándinn	7
8	9 Rýmingaræfing Skóli/félagsh. 	10	11 Patrekur 8 ára 	12	13 Bríet 11 ára 	14
15	16	17	18 Sólbjört 5 ára 	19 Bóndadagur	20	21 Ingibjörg Lea 6 ára 
22 Fanney 5 ára 	23	24	25	26 Starfsdagur Dalvíkurbyggð Lokað frá 12 ⁰⁰	27	28
29	30	31				